

Umhverfis og útivist 2019 - 2020

Kennarar: Aníta Þorgerður Tryggvadóttir og Þorsteinn Darri Sigurgeirsson 2 x 40 mín

Í Grunnskólanum á Hellu er umhverfis og útivist kennd í 2x 40 mínútna samliggjandi kennslustundum. Oftast er tveimur árgöngum kennt saman í einu. Kennd er umhverfis og útivist í 1. – 7. bekk. Einnig er boðið upp á valáfanga í umhverfis og útivist á unglingsstigi.

Með útikennslu á að færa kennsluna út fyrir vegg skólans og er það talið auðga og styrkja allt nám, auk þess að vera bæði hollt fyrir líkama og sál. Það er mikilvægt að börn upplifi náttúruna á sem raunverulegastan hátt og læri að þekkja hana, skilja og skynja. Nemendur á yngsta- og miðstigi eru yfirleitt mjög næmir og taka vel eftir öllu í umhverfi sínu og því er auðvelt að auka forvitni þeirra, vekja upp spurningar, umræður og fleira.

Hér fyrir neðan í Aðalnámskrá grunnskóla í náttúrufræði og umhverfismennt er fjallað um útikennslu.

http://vefir.nams.is/namsmat/pdf/grunnskoli_greinanamskrar_netutgafa_2013.pdf

Kennsluhættir

Notast verður við sem fjölbreyttastar kennsluaðferðir svo sem vettvangsferðir, upplýsingaöflun og leitaraðferðir. Nemendur munu leita upplýsinga sem mest í umhverfinu og safna sýnishornum. Einnig verður stuðst við upplýsingar af veraldarvefnum og á bókasafni.

Námsmat

Frammistöðumat þar sem nemendur eru metnir jafnt og þétt yfir veturinn.